

Fundur TKÍ

Sjötti fundur stjórnar. Fundur settur 17:22.

Mættir eru Kolbrún, Margrét, Örn, Eduardo, Rikki og María.

1) Umsóknir landsliðspjálfa Kyrougi landsliðsins

Farið er yfir umsóknir sem hafa borist varðandi landsliðspjálfa Kyrougi. TKÍ þarf að búa til ramma um hvað hægt er að gera og hvað TKÍ vill gera. Hvað viljum við fá útúr landsliðspjálfa og hvað getum við boðið varðandi laun og fleira. TKÍ ætla að senda út fréttatilkynningu um að 7 umsóknir hafa borist og TKÍ ætla að gefa sig tíma til að fara í gegnum þessar umsóknir.

2) Afreksstefna TKÍ,

Rætt er um afreksstefnu TKÍ og hvað þarf að laga. Boða þarf formannafund í byrjun febrúar. Kolbrún er búin að svara bréfinu frá Örvari frá ÍSÍ. Kolbrún er komin langt með að yfirfara afreksstefnuna.

3) Norðurlandamótið í Þrándheim

Rætt eru um Norðurlandamótið í Þrándheim. Hverja við eigum að senda sem dómara. Noregur óksaði eftir að fá innlendan dómara frá Íslandi í poomsae. Hlynur er búin að samþykkja að fara. Einnig er samþykkt að senda Antje ef þess þarf.

Samþykkt er að senda Helga og Sigurstein sem coacha. Einnig fá Kristmund og/eða Danna til að hjálpa og styrkja þá.

TKÍ ætlar ekki að gefa verlaunafé fyrir Norðurlandamót heldur eingöngu fyrir ÓL, HM, EM og G-mót.

4) Önnur mál

Rætt um svartbeltisumsóknir. Hverjir eiga eftir að fá sín skírteini. Einnig er rætt hverjir geta gráðað upp í svartbelti. Þarf að fara yfir listan sem hafa leyfi til að gráða á vegum TKÍ og uppfæra þann lista. Búa til ramma yfir þetta.

Fundi slitið kl: 20:15

Fundargerð ritar María Guðrún Sveinbjörnsdóttir.

06.01.2014

Fundarboð þriðjudaginn 6. Janúar 2015 kl. 17:00

1. Umsóknir landsliðsþjálfara Kyrougi landsliðsins. 7. Umsóknir bárust inn. Set þær með í Attchment: við skulum virða þessa umsækjendur og hafa þetta fyrir okkur til að byrja með. Við þurfum að fara yfir þess umsóknir og vita hvað við ætlum að gera í framhaldi með þær. Hvort að við bjóðum einhverjum hingað, eða hvort við óskum eftir skype fund. Við þurfum einnig að vita hvað við viljum fá útúr landsliðsþjálfara og hvað við ætlum að bjóða viðkomandi, laun e.t.v. (einnig hvað eigi að gera varðandi U&E)
2. Afreksstefna TKI, þar þarf að breyta sem fyrst og húa til formannafundar til samþykkis. Þurfum við að klára þetta fyrir 15.janúar og senda inn til afreks og Ólympínefndar svo að okkar styrktarumsóknir verði tekin til skoðunar.
3. Norðurlandamótið í Þrándheim. Hverjir fara, hverjir eiga að vera coachar e.t.v.
4. Önnur mál.